

Sp.

671. Fyrirspurn

[409. mál]

til landbúnaðarráðherra um útflutning niðurgreiddra landbúnaðarafurða.

Frá Eiði Guðnasyni.

1. Hvernig var háttað þeim útboðum á flutningi niðurgreiddra landbúnaðarafurða til útlanda sem ráðherra lýsti í svari sínu við fyrirspurn á Alþingi 12. mars 1985?
2. Hvenær áttu umrædd útboð sér stað á árunum 1983 og 1984?
3. Hvort var um svokölluð lokuð eða opin útboð að ræða?
4. Hvernig skiptust flutningar á niðurgreiddum landbúnaðarafurðum milli eftirgreindra flutningafyrirtækja árin 1983 og 1984:
 - a. Eimskipafélags Íslands,
 - b. Hafskips hf.,
 - c. Skipadeildar SÍS,
 - d. annarra?